

Mál nr. 29/2017

**M vegna ökutækis A
og
vátryggingafélagið V1 vegna ökutæki B og vátryggingafélagið V2.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs.

Gögn.

1. Málskot, dags. 24.01.2017 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V1, vátryggingafélags, dags. 09.02.2017 ásamt fylgigögnum.
3. Bréf V2, vátryggingafélags, dags. 26.01.2017.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að bakka út úr stæði við verslunina Iceland í Engihjalla. M kveðst hafa verið komin út úr stæðinu og við það að aka af stað þegar ökutæki B hafi verið ekið út úr stæði á bifreið hans. Þá kemur fram að ökumenn hafi verið sammála um aðdraganda árekstursins á tjónsstað sbr. tjónstilkynningu.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna skipti sök til helminga miðað við gögn málsins þar sem hvorugur ökumanna hafi gætt nægjanlega að sér í akstri afturábak.

M telur afstöðu tjónanefndar ranga þar sem hann hafi ekki verið að aka afturábak við áreksturinn heldur hafi verið komin út úr stæðinu.

Vátryggingafélagið V1 telur að það skipti ekki máli þótt önnur bifreiðin hafi verið kyrrstæð þar sem kyrrstaðan hafi ekki varað það lengi að það skipti máli við sakarskiptingu.

Vátryggingafélagið V2 gerir ekki athugasemdir í málinu.

Álit.

Í tjónstilkynningu um áreksturinn sem báðir aðilar skrifa undir kemur fram að ökutækið A hafi verið komið út úr stæði og M hafi verið að rétta af bifreiðina til að aka af stað þegar ökutækið B ók á ökutæki A.

Með vísan til þess telur úrskurðarnefndin ljóst að ökutæki B hafi ekið á ökutækið A og beri þar af leiðandi alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður ökutækisins B ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík, 21. mars 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.